

Gildistaka 2013-10-15

Gildir til 2016-10-15

ICS 03.360, 35.240

**Samræmdar vefþjónustur
banka og sparisjóða
– Tæknilegar upplýsingar
og villuboð**

**Icelandic Online Banking
Web Services
– Technical specifications
and error messages**



TS 166:2013

© Staðlaráð Íslands 2013. Öll réttindi áskilin.

Án skriflegs leyfis útgefanda má ekki endurprenta eða afrita þessa tækniforskrift með neinum hætti, vélrænum eða rafrænum, svo sem ljósritun, hljóðritun eða annarri aðferð sem nú er þekkt eða verður síðar fundin upp, né miðla tækniforskriftinni í rafrænu gagnasafni.

1. prentun.

Formáli

Vefþjónustuskil banka og sparisjóða eru ekki ný af nálinni, en upp á þau hefur verið boðið allt frá árinu 2006 undir nafninu *Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða (e. Icelandic Online Banking Web Services)*. Skilin voru frá upphafi að mestu leyti samræmd milli bankanna, en með tækniforskriftum hefur verið stigið skrefinu lengra og tryggt að algjört samræmi sé á milli þeirra hvað varðar ytri skil gagnvart viðskiptavinum bankanna. Einfaldar það þeim að tengja kerfi sín vefþjónustunum þar sem tryggt er að hægt sé að tengjast með samskonar hætti við hvern banka fyrir sig. Auk þess hefur verið skilgreind ný virkni umfram þá sem upphaflega var boðið upp á.

- Tækniforskrift þessi styður við eftirtaldar tækniforskriftir fyrir samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða:
- Tækniforskrift um yfirlit bankareikninga, TS 164:2013.
- Tækniforskrift um yfirlit gjaldmiðlagengis, TS 160:2013.
- Tækniforskrift um innlendar greiðslur, TS 161:2013.
- Tækniforskrift um innsendingu rafrænna skjala, TS 165:2013.
- Tækniforskrift um innheimtuþjónustu – Fruminnheimta, TS 162:2013.
- Tækniforskrift um innheimtuþjónustu – Milliinnheimta, TS 163:2013.

Umfjöllunin miðast við lesendur sem hafa tæknilega þekkingu og eru ábyrgir fyrir innleiðingu og útfærslu á samskiptum milli viðskiptaaðila. Í mörgum tilfellum er vísað á itarefni sem er tæknilegs eðlis

Tækniforskriftin var unnin af vinnuhópi hjá tækninefnd um vefþjónustur banka og sparisjóða. Meðlimir hópsins hafa víðtæka þekkingu og reynslu úr hugbúnaðargerð fyrir fjármálageirann á Íslandi. Tækninefndin stýrði vinnu hópsins og umsjónarmaður nefndarinnar var Steinunn Valdimarsdóttir.

TS 166:2013

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 3 |
| 1 Inngangur | 5 |
| 1.1 Gildissvið og markmið | 5 |
| 1.2 Tilvísanir | 5 |
| 1.3 Hugtök og skilgreiningar | 5 |
| 1.4 Skammstafanir | 5 |
| 2 Tæknileg högun | 6 |
| 2.1 Öryggisviðmið | 6 |
| 2.2 Auðkenning | 6 |
| 2.3 Undirritun | 6 |
| 2.3.1 Header | 7 |
| 2.3.2 Security | 7 |
| 2.3.3 Signature | 7 |
| 2.3.4 SignedInfo | 7 |
| 2.3.5 SignatureValue | 8 |
| 2.3.6 KeyInfo | 8 |
| 2.3.7 SecurityTokenReference | 8 |
| 3 Villuboð | 8 |
| 3.1 Frávik og villuflokkar | 8 |
| 3.2 Auðkenning | 9 |
| 3.3 Accounts | 10 |
| 3.4 Payments | 10 |
| 3.5 Claims og SecondaryCollectionClaims | 10 |
| 3.6 Documents | 14 |
| Viðaukar | 14 |

1 Inngangur

Tækniforskrift þessi lýsir notkun rafrænna skilríkja við undirritun skeyta og auðkenningu notenda sem og almennum villubodum í samræmdum vefþjónustum banka og sparisjóða (e. Icelandic Online Banking Web Services – IOBS).

1.1 Gildissvið og markmið

Tækniforskriftin lýsir þeim þáttum sem sameiginlegir eru öllum samræmdum vefþjónustum banka og sparisjóða við auðkenningu notenda og undirritun skeyta. Þá er einnig að finna lista yfir almenn villubod og sértæk villubod hverrar vefþjónustu fyrir sig.

Helstu notendum tækniforskriftarinnar má skipta í tvo hópa: Annars vegar er um að ræða hugbúnaðarsérfræðinga hjá bönkum og sparisjóðum sem útfæra munu vefþjónusturnar á móti viðskiptavinum sínum og hinsvegar eru það hugbúnaðarsérfræðingar sem vinna að kerfum sem tengjast bönkunum á kerfisstigi.

Uppbygging tækniforskriftarinnar er með þeim hætti að ekki er nauðsynlegt að notast við aðrar tækniforskriftir við notkun þeirra aðgerða sem lýst er. Þannig er til að mynda tæmandi listi yfir öll þau tög sem fram koma í hverri aðgerð fyrir sig, jafnvel þó svo að sömu tög séu einnig nýtt í öðrum þjónustum sem ekki falla innan þessarar tækniforskriftar.

Markmiðið er að lesandi geti nýtt sér þær aðgerðir sem lýst er og að hann skilji hlutverk og eðli hverrar aðgerðar fyrir sig ásamt samhengi þeirra í heild sinni. Gengið er út frá því að lesandi hafi tæknilega þekkingu á XML ívafsmáli, vefþjónustum og þeirri tækni sem þær byggja á, enda er tækniforskriftin ekki ætluð sem kennsluefni í notkun vefþjónusta.

1.2 Tilvísanir

TS 161:2013 Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða – Greiðslur
 TS 162:2013 Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða – Innheimtukurður
 TS 163:2013 Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða – Milliinnheimta
 TS 164:2013 Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða – Yfirlit bankareikninga
 TS 165:2013 Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða – Rafræn skjöl
 Kröfupottur – Lýsing fyrir kröfuhafa, Reiknistofa bankanna 2013.

1.3 Hugtök og skilgreiningar

| Hugtak á íslensku | Hugtak á ensku | Skilgreining |
|-------------------|-------------------------|--|
| Aðgerð | Method | Aðgerð í þjónustuskilum. |
| Inntak | Input | Þau gögn sem eru sett inn í aðgerð til að hafa áhrif á úttaksgildi. |
| Klasi | Complex element | Flókin grein í gagnatré XML skjals, inniheldur fleiri tög. |
| Stak | Simple element | Einföld grein í gagnatré XML skjals, inniheldur ekki önnur tög. |
| Stakafjöldi | Number of elements | Fjöldi þeirra staka sem leyfilegur er táknaður með lágmarksfjölda annarsvegar og hámarksfjölda hinsvegar á forminu [lágmarksfjöldi].. [hámarksfjöldi]. |
| Tag | Element | Nafn á tiltekinni grein í gagnatré XML skjals. |
| Úttak | Output | Þau gögn sem aðgerð skilar. |
| Vefþjónusta | Webservice | Aðferð til að tengjast á rafrænan hátt á milli tveggja kerfa. |
| Vottunarstöð | Certification Authority | Aðili sem nýtur trausts hagsmunaaðila til að framleiða, undirrita og gefa út rafræn skilríki. |

1.4 Skammstafanir

| Skammstöfun | Skýring |
|-------------|--|
| XML | <i>Extensible Markup Language</i> (enska). Ívafsmál sem byggir á safni reglna til að kóta rafræn skjöl. |
| XSD | <i>XML Schema Definition</i> (enska). Staðall til að lýsa uppbyggingu XML skjals. |
| OASIS | <i>Organization for the Advancement of Structured Information Standards</i> . Sjálfseignarstofnun sem stýrir þróun, stefnu og innleiðingu opinna staðla fyrir upplýsingasamfélagið á heimsvísu |
| SOAP | <i>Simple Object Access Protocol</i> . Staðall sem lýsir uppbyggingu XML skjals. |
| RB | Reiknistofa bankanna hf. |

TS 166:2013

2 Tæknileg högun

Tækniforskriftir fyrir samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða byggja á sambærilegum vefþjónustum frá árinu 2005. Við útfærslu nýrrar útgáfu hefur verið leitast við að fylgja uppfærslu staðla þar sem það á við án þess þó að binda útfærslu þjónustanna við tiltekin forritunarumhverfi eða forritunarsöfn.

Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða byggja á SOAP 1.2, sem er opin og stöðluð samskiptaleið til þess að skiptast á mótuðum upplýsingum fyrir vefþjónustur.

2.1 Öryggisviðmið

Öryggisviðmið samræmdra vefþjónusta banka og sparisjóða byggja á eftirtöldum opnum stöðlum um öryggi og auðkenningu frá OASIS sjálfseignarstofnuninni með síðari viðbótum og leiðréttingum sem kunna að vera gerðar:

- X.509 Certificate Token Profile 1.1, fyrir notkun á X.509 skilríkjum
- WS-Security 1.1, viðbót við SOAP staðalinn til skilgreiningar á öryggi í vefþjónustum
- WS-Trust 1.3, lýsir útgáfu, endurnýjun og auðkenningu öryggis tóka
- WS-SecureConversation 1.3, viðbót við WS-Security með það að markmiði að auka skilvirkni og öryggi í samskiptum vefþjónusta
- WS-SecurityPolicy 1.2, lýsir grundvallar samskiptareglum fyrir örugg samskipti í vefþjónustum
- XML Signature (XMLDSig), opin og stöðluð leið við undirritun aðgerða sem nota streymi við sendingar á gögnum.

Aðgerðir sem nota streymi við sendingar á gögnum styðjast við XMLDSig 20080610 við undirritun.

Almennar upplýsingar um rafræn skilríki, eðli þeirra og notkun má finna á vef Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, www.skilriki.is og á vef Auðkennis ehf, www.audkenni.is.

Eingöngu er heimilt að nota traust skilríki við undirritun skeyta, gefið út af til þess vottuðum aðila sem nýtur trausts hagsmunaaðila til að framleiða, undirrita og gefa út skilríki og hefur leyfi til reksturs vottunarstöðvar. Hver banki eða sparisjóður skilgreinir þá vottunarstöð eða stöðvar sem hann treystir hverju sinni.

Heimilt er að nota 00einhverja eftirfarandi tegunda skilríkja við undirritun skeyta:

- Búnaðarskilríki
- Fullgild skilríki
 - Starfsskilríki
 - Persónuskilríki

2.2 Auðkenning

Við auðkenningu notenda er framkvæmd eftirfarandi villuprófun á skilríki:

- Að gildistími skilríkis sé ekki útrunninn.
- Að útgefanda skilríkis sé treyst. Athugað er hvort skilríki sé gefið út samkvæmt vottunarstefnu sem uppfyllir skilyrði vottunarstöðva.
- Að afturköllunarpróf (e. revocation check) sé framkvæmt á skilríki og útgáfuskilríki. Útgáfuskilríki er skilríki útgefanda, gefið út undir tiltekinni rót. Athuga þarf hvort skilríkjarótin hafi verið afturkölluð.

2.3 Undirritun

Öll skeyti sem send eru skulu vera undirrituð. Á það jafnt við um fyrirspurn sem gerð er til banka sem og svar sem banki skilar aftur til þess sem gerði fyrirspurnina.

Eftirfarandi greinar lýsa því hvernig upplýsingarnar eru settar fram í Header hluta skeyta.

2.3.1 Header

Header hluti skeyta inniheldur annars vegar tilvikið Security og hins vegar upplýsingar um notanda.

| Stak/Klasi | Stakafjöldi | Skýring |
|---|-------------|--|
| <soap:Header> | 1..1 | Staðlað SOAP tag. |
| <wsse:Security xmlns:wsse="..." xmlns:wsu="..."> xxx </wsse:Security> | 1..1 | Lýsing á framkvæmd undirritunar. |
| <m:UserId xmlns:m="http://icelandiconlinebanking/2012MMDD">234</m:UserId> | 1..1 | Auðkenni notanda hjá banka eða sparisjóði. |
| </soap:Header> | | |

2.3.2 Security

Skeyti sem er sent eða sótt til banka eða sparisjóðs skal undirrita með einkalykli (e. private key) skilríkis. Stakið Security inniheldur upplýsingar um snið dulkóðunar og undirritun.

| Stak/Klasi | Stakafjöldi | Skýring |
|--|-------------|---------------------|
| <wsse:Security> | 1..1 | Staðlað SOAP tag. |
| <wsse:BinarySecurityToken wsu:Id="binarytoken" ValueType="...#X509v3" EncodingType="...#Base64Binary"> MIIEZzCCA9CgAwIBAgIQEmtJZc0... </wsse:BinarySecurityToken> | 1..1 | Snið dulkóðunar. |
| <ds:Signature xmlns:ds="http://www.w3.org/2000/09/xmldsig#"> </ds:Signature> | 1..1 | Undirritun skeytis. |
| </ wsse:Security> | | |

2.3.3 Signature

| Stak/Klasi | Stakafjöldi | Skýring |
|---|-------------|---|
| <wsse:Signature> | 1..1 | Staðlað SOAP tag |
| <ds:SignedInfo>... <ds:Reference URI="#body">...</ds:Reference> <ds:Reference URI="#binarytoken">...</ds:Reference> </ds:SignedInfo> | 1..1 | Inniheldur bæði body (#body) hluta skilaboða og dreifilykil skilríkis . |
| <ds:SignatureValue>HFLLP...</ds:SignatureValue> | 1..1 | Inniheldur Base64 kótaða undirskrift. |
| <ds:KeyInfo> <wsse:SecurityTokenReference>... </wsse:SecurityTokenReference> </ds:KeyInfo> | 1..1 | Inniheldur breytanlega tilvísun í skilríki. |
| </wsse:Signature> | | |

2.3.4 SignedInfo

| Stak/Klasi | Stakafjöldi | Skýring |
|--|-------------|---------------------------------|
| <wsse:SignedInfo> | 1..1 | Staðlað SOAP tag. |
| <ds:Reference URI="#body">...</ds:Reference> | 1..1 | Undirritun á innihaldi skeytis. |

TS 166:2013

| | | |
|--|------|--|
| <code><ds:Reference URI="#binarytoken">...</ds:Reference></code> | 1..1 | Dreifilykill skilríkis á Base64 sniði. |
| <code></wsse:SignedInfo></code> | | |

2.3.5 SignatureValue

| Stak/Klasi | Stakaföldi | Skýring |
|---|------------|---------------------------------------|
| <code><wsse:SignatureValue></code> | 1..1 | Staðlað SOAP tag. |
| HFLP... | 1..1 | Inniheldur Base64 kótaða undirskrift. |
| <code></wsse:SignatureValue></code> | | |

2.3.6 KeyInfo

| Stak/Klasi | Stakaföldi | Skýring |
|---|------------|-------------------------|
| <code><wsse:KeyInfo></code> | 1..1 | Staðlað SOAP tag. |
| <code><wsse:SecurityTokenReference></code> <code><wsse:Reference URI="#binarytoken" /></code> <code></wsse:SecurityTokenReference></code> | 1..1 | Tilvísun í x.509 token. |
| <code></wsse:KeyInfo></code> | | |

2.3.7 SecurityTokenReference

| Stak/Klasi | Stakaföldi | Skýring |
|--|------------|--|
| <code><wsse:SecurityTokenReference></code> | 1..1 | Staðlað SOAP tag. |
| <code><wsse:Reference URI="#binarytoken" /></code> | 1..1 | Inniheldur sjálf token gögnin (e. data). |
| <code></wsse:Header></code> | | |

3 Villuboð

Eftirfarandi kaflar lýsa villuboðum eiginkerfa banka og sparisjóða auk villuboða frá upprunakerfum eftir því sem við á. Hverjum þjónustuveitanda er skylt að útfæra og skila eigin villuboðum með þeim villunúmerum sem lýst er sem GeneralBankCode. Til viðbótar er skilað villum úr upprunakerfi ef við á, sjá töflur fyrir GeneralSourceCode villuboð.

3.1 Frávik og villuflokkar

Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða byggja á SOAP 1.2 við meðhöndlun á frávikum (e. exceptions). Ef upp kemur frávik skilar vefþjónustan villuboði af tegundinni IOBSFault.

| Stak/Klasi | Stakaföldi | Skýring |
|---|------------|----------------------------------|
| <code><IOBSFault></code> | 1..1 | Villuboð. |
| <code><GeneralErrorText>Business logic error.</GeneralErrorText></code> | 0..1 | Texti villuflokks. |
| <code><GeneralErrorCode>1300</GeneralErrorCode></code> | 0..1 | Númer villuflokks. |
| <code><BanksErrorText>Niðurfellingardagur eldri en gjalddagi.</BanksErrorText></code> | 0..1 | Villutexti frá þjónustuveitanda. |
| <code><BanksErrorCode>13004</BanksErrorCode></code> | 0..1 | Villunúmer frá þjónustuveitanda. |
| <code><GeneralSourceText>Niðurfellingardagur eldri en gjalddagi.</GeneralSourceText></code> | 0..1 | Villutexti úr grunnkerfi. |

| | | |
|--|------|---------------------------|
| <GeneralSourceCode>00416</GeneralSourceCode> | 0..1 | Villunúmer úr grunnkerfi. |
| </IOBSFault> | | |

Almennir villuflokkar sem koma fram í <GeneralErrorText> og <GeneralErrorCode>.

| Code | Text | Skýring |
|------|---|--|
| 0001 | Service is unavailable. | Þjónustan er lokuð. |
| 1000 | An error occurred. | Almenn villa ef ekki er hægt að skila nánari villuboðum. |
| 1100 | Access to the operation is not present. | Aðgerðin er lokuð. |
| 1200 | Data could not be validated. | Innsend gögn eru ekki í samræmi við XML Schema. |
| 1300 | Business logic error. | Villa kom upp í viðskiptavirkni. |

Dæmi um frávik

```
<Fault>
  <Code>
    <Value>Sender</Value>
  </Code>
  <Reason>
    <Text xml:lang="is-IS">Eindagi (2012-11-8) er eldri en gjalddagi (2012-11-18).</Text>
  </Reason>
  <Detail>
    <IOBSFault xmlns="http://www.w3.org/2001/XMLSchema-instance" xmlns:sd="http://www.w3.org/2001/XMLSchema" xmlns="http://IcelandicOnlineBanking/2012/11/01/Exceptions">
      <GeneralErrorText>Business logic error.</GeneralErrorText>
      <GeneralErrorCode>1300</GeneralErrorCode>
      <BanksErrorText>Eindagi (2012-11-8) er eldri en gjalddagi (2012-11-18).</BanksErrorText>
      <BanksErrorCode>13004</BanksErrorCode>
      <GeneralSourceCode>00416</GeneralSourceCode>
      <GeneralSourceText>Niðurfellingardagur eldri en gjalddagi.</GeneralSourceText>
    </IOBSFault>
  </Detail>
</Fault>
```

3.2 Auðkenning

Eftirfarandi eru villuboð vegna auðkenningar notenda eða rangrar notkunar rafrænna skilríkja.

| GeneralBankCode | GeneralBankText | Skýring |
|-----------------|--|--|
| 10000 | Innskráning tókst ekki, {x} | Kerfisvilla |
| 10001 | Kennitala og/eða UserId stemmir ekki við kennitölu skilríkis. {x} árangurslausar innskráningar í röð leiða til þess að aðgangi verður lokað af öryggisástæðum. | {x} inniheldur eigin skilaboð hvers banka eða sparisjóðs |
| 10002 | Skilríkið er ótengt, hafðu samband við {x} | Ræðst af verklagi hvers banka eða sparisjóðs fyrir sig. |
| 10003 | Innihald skilríkis ekki löglegt | Til dæmis kennitala ekki á réttum stað í skilríki. |
| 10004 | Rafræn undirritun ekki í lagi | |
| 10005 | Notandi hefur ekki aðgang að {x} | |
| 10006 | Útgefanda (e. Issuer) skilríkis er ekki treyst. | Sjá grein 2.1. |

TS 166:2013

3.3 Accounts

Eigin villuboð banka eða sparisjóðs vegna Accounts þjónustu, sjá TS 164. Gert er ráð fyrir samræmingu villuboða síðar meir með hækkandi villukótum.

| GeneralBankCode | GeneralBankText | Skýring |
|-----------------|---------------------|--|
| 11000 | {x} | Óskilgreint, eigin villa banka eða sparisjóðs |
| 11001 | Reikningur ekki til | Reikningsnúmer finnst ekki í reikningaskrá banka eða sparisjóðs. |
| 11002 - 11999 | Ekki notað | Frátekið fyrir samræmingu villuboða síðar meir. |

Ekki er mögulegt að taka saman lista yfir samræmd villuboð þar sem bankar og sparisjóðir nota mismunandi upprunakerfi og aðferðir til þess að hýsa gögn.

| GeneralSourceCode | GeneralSourceText | Skýring |
|-------------------|-------------------|--------------------------------|
| {x} | {x} | Villa úr upprunakerfi ef við á |

3.4 Payments

Eigin villuboð banka eða sparisjóðs vegna Payments þjónustu, sjá TS 161. Gert er ráð fyrir aukinni samræmingu villuboða síðar meir með hækkandi villukótum.

| GeneralBankCode | GeneralBankText | Skýring |
|-----------------|--|---|
| 12000 | {x} | Óskilgreint, eigin villa banka eða sparisjóðs |
| 12001 | Úttektarreikningur ekki til | |
| 12002 | Innleggsreikningur ekki til | |
| 12003 | Krafa (greiðsluseðill) er ekki til á kröfuskrá | |
| 12004 | Reikningsupplýsingar og/eða kennitala röng. | Banki, höfuðbók, reikningsnúmer eða kennitala röng. |
| 12005 | Krafa (greiðsluseðill) þegar greidd | |
| 12006 | Ekki innstæða eða heimild á úttektarreikningi | |
| 12007 - 12999 | Ekki notað | Frátekið fyrir samræmingu villuboða síðar meir. |

Ekki er mögulegt að taka saman lista yfir samræmd villuboð þar sem bankar og sparisjóðir nota mismunandi upprunakerfi og aðferðir til þess að hýsa gögn.

| GeneralSourceCode | GeneralSourceText | Skýring |
|-------------------|-------------------|--------------------------------|
| {x} | {x} | Villa úr upprunakerfi ef við á |

3.5 Claims og SecondaryCollectionClaims

Eigin villuboð banka eða sparisjóðs vegna Claims og SecondaryCollectionClaims þjónustanna, sjá TS 162 og TS 163. Dálkurinn „Villunúmer RB“ er eingöngu ætlaður til að veita hugbúnaðarfólki banka og sparisjóða upplýsingar um tengsl villuboða við villuboð í Kröfupotti RB.

| GeneralBankCode | GeneralBankText | Skýring | Villunúmer RB |
|-----------------|-----------------|---|---------------|
| 13000 | {x} | Óskilgreint, eigin villa banka eða sparisjóðs | |

| | | | |
|-------|---|---|---------------|
| 13001 | Höfuðbók er ekki 66 | Röng höfuðbók í lykli kröfu (e. ClaimKey) | 00310 |
| 13002 | Eindagi ({eindagi}) er eldri en gjalddagi ({gjalddagi}) | | 00407 |
| 13003 | Upphæð kröfu verður að vera hærri en 0 kr. | | 00415 |
| 13004 | Niðurfellingardagur eldri en gjalddagi | | 00416 |
| 13005 | Hámarkslíftími niðurfellingardags 4 ár frá gjalddaga kröfu. | Hámarkslíftími innheimtukröfu er gjalddagi + 1439 dagar | 00417 |
| 13006 | Niðurfellingardagur ({niðurfellingardagur}) eldri en eindagi ({eindagi}) | | 00418 & 00421 |
| 13007 | {Afsláttarregla} er óleyfileg afsláttarregla | | 00429 |
| 13008 | {Vanskilagjaldsregla} er óleyfileg vanskilagjaldsregla | | 00430 |
| 13009 | Dagafjöldi fyrri vanskila, {dagafjöldi}, er rangur | | 00435 |
| 13010 | Dagafjöldi seinni vanskila, {dagafjöldi}, er rangur | | 00436 |
| 13011 | Dagafjöldi fyrri afsláttar, {dagafjöldi}, er rangur | | 00437 |
| 13012 | Dagafjöldi seinni afsláttar, {dagafjöldi}, er rangur | | 00438 |
| 13013 | {Vanskilagjaldskóti} er óleyfilegur vanskilagjaldskóti | | 00441 |
| 13014 | {Afsláttarkóti} óleyfilegur afsláttarkóti | | 00442 |
| 13015 | {Innborgunarkóti} er óleyfilegur innborgunarkóti | | 00443 |
| 13016 | {Greiðslukóti} er óleyfilegur greiðslukóti | | 00444 |
| 13017 | {Dráttarvxtaregla} er óleyfileg dráttarvxtaregla | | 00451 |
| 13018 | Dráttarvxtaprósenta er hærri en hæstu leyfilegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands leyfa. | | 00453 |
| 13019 | Fyrri vanskilagjald er of hátt | | 00454 |
| 13020 | Seinna vanskilagjald er of hátt | | 00455 |
| 13021 | Krafan {banki-66-númer} með gjalddaga {gjalddagi}, ekki til á Kröfuskra | | 00459 & 00466 |
| 13022 | Krafan {banki-66-númer} með gjalddaga {gjalddagi} er þegar greidd | | 00461 & 00714 |
| 13023 | Krafan {banki-66-númer} með gjalddaga {gjalddagi}, er þegar til á Kröfuskra | | 00462 |
| 13024 | Kröfuhafi með kennitöluna {kennitala}, er ekki til á Kröfuhafaskra RB í banka {banki} | | 00464 |
| 13025 | Óheimilt er að breyta kennitölu greiðanda eftir að greitt hefur verið inn á kröfu. | | 00480 |
| 13026 | Samsetning dagafjölda fyrri afsláttar ({dagar}), afsláttar ({upphæð}) og afsláttarkóta ({afsláttarkóti}) er óleyfileg. | | 00481 |
| 13027 | Afsláttur er meira en 100% af upphæð kröfunnar | | 00482 |
| 13028 | Samsetning dagafjölda vanskilagjalds ({Dgfj vans.gj}), upphæð vanskilagjalds ({upph}) og vanskilagjaldskóti ({vans.kt}) er óleyfileg. | | 00483 |
| 13029 | Vanskilagjald er meira en 100% af upphæð kröfu | | 00484 |
| 13030 | Dagafjöldi fyrri vanskilagjalds ({dagafjöldi}) er hærri en dagafjöldi seinna vanskilagjalds ({dagafjöldi}) | | 00485 |
| 13031 | Dagafjöldi seinni afsláttar ({dagafjöldi}) er hærri en dagafjöldi fyrri afsláttar ({dagafjöldi}) | | 00486 |
| 13032 | Afsláttur hærri en upphæð kröfu | | 00487 |
| 13033 | Vanskilagjaldskótinn {vanskilagjaldskóti} er ekki leyfilegur | | 00488 |
| 13034 | Afsláttarkótinn {afsláttarkóti} er ekki leyfilegur | | 00489 |

TS 166:2013

| | | | |
|---------------|--|---|-------|
| 13035 | Dagafjöldi fyrri og seinni afsláttar ({dagafjöldi1}, {dagafjöldi2}) skal vera meiri en 0 dagar þegar upphæð bæði fyrri og seinni afsláttar er hærra en 0 kr. | | 00490 |
| 13036 | Dagafjöldi fyrri og seinna vanskilgjalds ({dagafjöldi1}, {dagafjöldi2}) skal vera meiri en 0 dagar þegar upphæð bæði fyrri og seinna vanskilgjalds er hærra en 0 kr. | | 00491 |
| 13037 | Dagafjöldi seinni afsláttar ({dagafjöldi2}) er lægri en dagafjöldi fyrri afsláttar ({dagafjöldi1}). | | 00492 |
| 13038 | Afsláttur er hærri en upphæð kröfu | | 00702 |
| 13039 - 13999 | Ekki notað | Frátekið fyrir samræmingu villuboða síðar meir. | |

Villuboð úr Kröfupotti RB.

| GeneralSourceCode | GeneralSourceText | Skýring |
|-------------------|---|--|
| 00213 | Kennitala ekki á Kröfuhafaskrá | |
| 00219 | Gengistegund er ekki til í gengistöflu | |
| 00306 | Kennitala afskráð í nafnaskrá | |
| 00307 | Kennitala ekki til á nafnaskrá | |
| 00310 | Höfuðbók ekki 66 | Höfuðbók kröfu = 66. |
| 00319 | Er með bannmerki í nafnaskrá | |
| 00380 | Létt krafa - Eindagi er ekki réttur | Eindagi kröfu á forminu áááámmdd. |
| 00381 | Létt krafa - Gjöld | |
| 00382 | Létt krafa - Dagafj > 0 | |
| 00383 | Létt krafa - Dráttarvaxstofnkóti | |
| 00384 | Létt krafa - Dráttarvaxtaregla | Segir til um hvort reikna á dráttarvexti. |
| 00385 | Létt krafa - Dráttarvaxtaprósentu | |
| 00386 | Létt krafa - Vanskilgjaldskóti | Segir til um hvernig reikna á vanskilgjald. |
| 00387 | Létt krafa - Afsláttarkóti | Segir til um hvernig reikna á afslátt. |
| 00388 | Létt krafa - Gengi ekki leyft | |
| 00389 | Létt krafa - Niðurfellingardagur | Dagsetning niðurfellingar á forminu áááámmdd |
| 00390 | Veltukrafa - Gildisdagur ekki réttur | Dagsetning sem segir til um hvaða upphæð á að taka, aðeins notað fyrir kröfugerð 5. |
| 00391 | Veltukrafa - Gildsdagsupphæð röng | Ef greiða má hluta af kröfunni, aðeins notað fyrir kröfugerð 5. |
| 00392 | Veltukrafa - Niðurfellingarkóti rangur | Segir til um hvort krafan á að falla niður við greiðslu, aðeins notað fyrir kröfugerð 5. |
| 00393 | Veltukrafa - Innborgunarkóti | Segir til um hvort greiða megi inn á kröfu. |
| 00394 | Veltukrafa - Gildisdagur ekki eindagi | |
| 00395 | Veltukrafa - Greiðsluupphæð röng | |
| 00399 | Veltukrafa - Ekki veltukrafa | |
| 00402 | Auðkenni ekki á Kröfuhafaskrá | Segir til um hvaða ráðstöfunarreikning kröfuhafa kerfið á að nota |
| 00407 | Eindagi er eldri en gjalddagi | |
| 00408 | Gjalddagi eldri en 01.01.1997 | |
| 00415 | Upphæð kröfu verður að vera stærri en 0 | |

| | | |
|-------|---|--|
| 00416 | Niðurfellingardagur eldri en gjalddagi | |
| 00417 | Hámarkslíftími niðurfellingardags 4 ár | |
| 00418 | Niðurfellingardagur eldri en eindagi | |
| 00421 | Niðurfellingardagur eldri en eindagi | |
| 00429 | Afsláttarregla er ekki rétt | |
| 00430 | Vanskilaregla er ekki rétt | |
| 00435 | Dagafjöldi fyrri vanskila rangur | |
| 00436 | Dagafjöldi seinni vanskila rangur | |
| 00437 | Dagafjöldi fyrri afsláttar rangur | |
| 00438 | Dagafjöldi seinni afsláttar rangur | |
| 00441 | Vanskilakóti er rangur | |
| 00442 | Afsláttarkóti er rangur | |
| 00443 | Innborganakóti er rangur | |
| 00444 | Greiðslukóti er rangur | |
| 00450 | Dráttarvaxtastofnkóti er rangur | Segir til um af hvaða upphæð reikna á dráttarvexti. |
| 00451 | Dráttarvaxtaregla er röng | Segir til um hvort reikna á dráttarvexti. |
| 00453 | Dráttarvaxtaprósentu er of há | |
| 00454 | Fyrri vanskilagjald of hátt | |
| 00455 | Seinna vanskilagjald of hátt | |
| 00459 | Krafa ekki til á Kröfuskra | Krafa áður greidd eða niðurfelld. |
| 00461 | Krafa áður greidd | |
| 00462 | Krafa til á Kröfuskra | Krafa áður greidd eða niðurfelld. |
| 00464 | Kröfuhafi er ekki til á skrá | |
| 00466 | Krafa ekki til á Kröfuskra | |
| 00480 | Ekki leyft að breyta kennitölu greiðanda | |
| 00481 | Dgfj.afsl, upph og afsl.kt verða að vera > | Samsetning dagafjölda afsláttar, upphæðar og afsláttarkóta er röng. |
| 00482 | Afsláttur > 100% af upphæð | |
| 00483 | Dgfj vans.gj, upph og vans.kt verða að vera > | Samsetning dagafjölda vanskilagjalds, upphæðar og vanskilagjaldskóta er röng. |
| 00484 | Vanskilagjald > 100% af upphæð | |
| 00485 | Dgfj f vans.gj >= dgfj s vans.gj | Dagafjöldi fyrri vanskilagjalds >=Dagafjöldi seinna vanskilagjalds. |
| 00486 | Dgfj s afslátt >= dgfj f afslátt | Dagafjöldi seinni afsláttar >=Dagafjöldi fyrri afsláttar. |
| 00487 | Afsláttur hærri en upphæð | |
| 00488 | Vanskilagjaldskóti er ekki réttur | |
| 00489 | Afsláttarkóti er ekki réttur | |
| 00490 | Dagfj fyrri og seinni afsl = 00 og báðar upphæðir > 0 | Dagafjöldi fyrri og seinni afsláttar eru 0 og báðar afsláttar upphæðir eru > 0. |
| 00491 | Dagfj fyrri og seinna vans = 00 og báðar upphæðir > 0 | Dagafjöldi fyrri og seinna vanskilagjalds eru 0 og báðar vanskilagjaldsupphæðir eru > 0. |
| 00492 | Dgfj s afslátt <= dgfj f afslátt | Dagafjöldi seinni afsláttar <=dagafjöldi fyrri afsláttar. |
| 00702 | Afsláttur hærri er upphæð kröfu | |
| 00714 | Krafa áður greidd | |
| {x} | {x} | Aðrar óskilgreindar villur úr Kröfupotti RB. |

TS 166:2013

3.6 Documents

Eigin villuboð banka eða sparisjóðs vegna Documents þjónustu, sjá TS 165. Gert er ráð fyrir samræmingu villuboða síðar meir með hækkandi villukótum.

| GeneralBankCode | GeneralBankText | Skýring |
|-----------------|-----------------|---|
| 14000 | {x} | Óskilgreint, eigin villa banka eða sparisjóðs. |
| 14001 - 14999 | Ekki notað | Frátekið fyrir samræmingu villuboða síðar meir. |

Ekki er mögulegt að taka saman lista yfir samræmd villuboð þar sem upprunakerfi býður ekki upp á slíkt eins og staðan er þegar þetta skjal er skrifað.

| GeneralSourceCode | GeneralSourceText | Skýring |
|-------------------|-------------------|---------------------------------|
| {x} | {x} | Villa úr upprunakerfi ef við á. |

Viðaukar

Eftirtalin skjöl teljast hluti af tækniforskriftinni og má nálgast í þjöppuðu skráarformi sem afhent er með tækniforskrift.

- XSD skjöl sem lýsa þeim gögnum sem notaðar eru af vefþjónustunni.
- XML skjöl sem innihalda dæmi um þau gögn sem eru notuð sem inntak/úttak í vefþjónustunni.

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um stöðlun.

Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC og evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og ETSI og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

Helstu verkefni eru:

- Umsjón með staðlagerð á Íslandi.
- Að aðhæfa og staðfesta þá staðla sem skylt er vegna aðildar Staðlaráðs að erlendum staðlasamtökum.
- Að greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórn-sýslu og hjá einkaaðilum.
- Að starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs á Íslandi sem þjónustar stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök sem vilja nýta sér staðla.

Staðlaráð Íslands tekur ekki efnislega afstöðu til staðla og ákveður ekki hvað skuli staðlað. Ákvarðanir um það eru teknar af þeim sem eiga hagsmuna að gæta og þeir greiða fyrir verkefni.

Á vegum Staðlaráðs starfa fjögur fagstaðlaráð:

Byggingarstaðlaráð (BSTR)
Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)
Rafstaðlaráð (RST)

Á vegum Staðlaráðs starfa einnig fagstjórnir í gæðamálum og í véltækni.

Það er einfalt og fyrirhafnarlítið að panta og finna staðla á netinu

www.stadlar.is

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS

Pórunnartúni 2 • 105 Reykjavík
Sími: 520 7150 • Fax: 520 7171
stadlar@stadlar.is • www.stadlar.is

**ÍSLENSKIR
STAÐLAR**

